

áfrýjanda skylda til áminstra reikningsskila, sem hann hefir sérstaklega mótmælt af sinni hálfu.

Eftir þeim úrslitum, sem málið þannig fær, þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi kaupmaður og konsúll J. V. Havsteen greiði stefnda bakara H. Jensen 165 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. októbermánaðar.

Nr. 21/1906:

Pétur Þórðarson

gegn .

héraðslækni Guðm. B. Scheving.

Dómur:

Með aukaréttardómi Strandasýslu, gengnum 26. desbr. 1905, var áfrýjandi þessa máls Pétur Þórðarson dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um stefnda Guðmund B. Scheving héraðslækni, í 20 kr. sekt til lands-sjóðs, en til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og voru hin átöldu orð dæmd dauð og marklaus; ennfremur var

áfrýjandi dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir Pétur Þórðarson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 21. marz þ. á., og krafist að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur eða honum breytt eða hrundið þannig, að hann verði sykn- aður af kærnum og kröfum stefnda Guðm. B. Schevings, og að honum (áfrýjanda) verði dæmdur allur löglegur kostnaður af máli þessu fyrir báðum réttum hjá stefnda eftir mati réttarins. Hinsvegar hefir stefndi krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað með einhverju eftir mati yfirdómsins nægilegu.

Meiðyrði þau, sem stefndi hefir átalið, eiga að fel- ast í vottorði, sem áfrýjandi gaf út í Hólmavík 18. júlí 1903 og eru þau þessi: »en var þá svo ölvaður, að eftir mínu áliti var ekki tiltök, að hann hefði getað veitt mér nokkra hjálp, ef á hefði þurft að halda«. Það er viðurkennt í málinu, að þessi ummæli lúta að stefnda. Þeim orðum sínum til sönnunar, að stefndi hafi verið ölvaður, þegar hann kom til sjúklingsins (áfrýjanda), sem kvað hafa þjáðst af þvagteppu, hefir áfrýjandi leitt tvö vitni, sem fylgdu læknum til hins sjúka, og hafa þau borið og unnið eið að þeim fram- burði sínum, að stefndi hafi verið ölvaður þegar hann kom á heimili sjúklingsins, og hefir áfrýjandi þannig nægilega sannað þau ummæli sín í vottorðinu; og ekki verður honum heldur gefin sök á því, þó hann léti í vottorðinu það álit sitt í ljósi, að ekki hefðu verið til- tök, að lækurinn hefði getað veitt honum nokkra hjálp,

ef á hefði þurft að halda, sem ekki varð, því að sjúkl-
ingnum var farið dálítið að batna.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna áfryj-
anda í máli þessu, og hlýtur stefndi því að greiða hon-
um málskostnað fyrir báðum dómum, sem skal ákveð-
inn 40 krónur.

Það athugast, að birtingarvottorð stefnuvottanna á
stefnuna til undirréttarins, fyrirkallið til sáttanefndarinnar,
birting þess og vottorð sáttanefndarinnar um að hún
hafi reynt að sætta málspartana og vísað málinu til
dómstólanna, er alt ritað á laust blað, sem fylgir dóms-
gjörðunum, og er þessi aðferð undirdómarans röng, þó
að við svo búið megi standa að þessu sinni.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Áfryjandi Pétur Þorðarson á að vera sýkn af
kærum og kröfum stefnda Guðm. B. Scheving í
máli þessu, og greiði stefndi áfryjanda í málskostnað
að 40 kr., sem lúkist innan 8 vikna frá lögbirting
dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 22. októbermánaðar.

Nr. 38/1906:

Hið opinbera

gegn

Jóni verzlunarstjóra Laxdal.

D ó m u r :

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnu-
um 23. júlímán. þ. á., var hinn kærði Jón Laxdal,